



Fundur háskólaráðs 2. október 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 26.09.2003
Dags: 02.10.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

14/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 2. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hjalti Hugason, Davíð Gunnarsson, Þorsteinn Loftsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ármann Höskuldsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jónas Elíasson og Þórður Harðarson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagðar fram reglur LSH um launagreiðslur til prófessora heilbrigðisvísindadeilda í rannsóknamisseri, sbr. samninga H.Í. og LSH.
Verður lagt fram næst.
- 1.2 Lögð fram fundargerð 10. háskólafundar 8. september 2003.
- 1.3 Lagt fram bréf frá Sverri Guðmundssyni, dags. 27. ágúst 2003, ásamt lista yfir úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði Háskólans vegna haustmisseris 2003.
- 1.4 Lagt fram minnisblað akademískrar stjórnýslu til háskólaráðs um „Háskólann í tölum“, dags. 29. september 2003.
- 1.5 Lagt fram bréf rektora Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Tækniháskóla Íslands, dags. 12. september 2003, þar sem þeir lýsa stuðningi við efni tillögu að breytingu á 12. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 41/1999.
- 1.6 Lagðar fram reglur um gæðaeftirlit með háskólakennslu, nr. 666/2003, settar af menntamálaráðherra 12. september 2003.
- 1.7 Lögð fram gögn um starfsmannasamtöl í deildum Háskólans.
- 1.8 Lögð fram drög að greinargerð Háskóla Íslands um samning um fjármögnun kennslu 1.1.2000 – 31.12.2002 og viðbótarsamning fyrir árið 2003, dags. 29. september 2003.
- 1.9 Lagt fram bréf deildarforseta lagadeildar, dags. 11. september 2003, um viðbrögð við tilmælum háskólaráðs frá 4. september sl. í máli nemandar í deildinni.
- 1.10 Lagt fram bréf skrifstofustjóra heimspekideildar, dags. 19. september 2003, þar sem greint er frá samþykkt deildarráðs um að prentuð útgáfa kennsluskrár verði færð í fyrra form.
- 1.11 “Realising the European Higher Education Area”, Communiqué of the Conference of Ministers responsible for Higher Education in Berlin on 19. September 2003.
EUA News 19/2003: Press Communiqué. Berlin, 19. September 2003.
Fréttatilkynning frá menntamálaráðuneyti um þriðja ráðherrafund Bologna-ferlisins í Berlín 18. – 19. september 2003.
- 1.12 Lagt fram minnisblað um stöðu íþróttamála við Háskóla Íslands, dags. 2. október 2003, ásamt skipunarbréfi stjórnar Íþróttahúss.
- 1.13 Lögð fram greinargerð gagnstefnda, Háskóla Íslands í Hæstaréttarmálinu nr.

275/2003, dags. 24. september 2003.

- 1.14 Lagt fram bréf frá Herði Filippussyni, deildarforseta raunvísindadeildar, dags. 26. september 2003, ásamt ályktun Evrópusamtaka deildarforseta raun-vísinda-deilda (European Association of Deans of Science).
- 1.15 Lagt fram bréf Félags háskólakennara, dags. 30. september 2003, varðandi sérreglur deilda um framgang starfsmanna með hæfnisdóm, ásamt minnisblaði akademískrar stjórnarsýslu, dags. 2. október 2003.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram drög að samningi um kennaraskipti á milli Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og Tækniháskóla Íslands, ásamt drögum að samræmdum reglum ríkisháskólanna um kennaraskipti.
 - Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu, kynnti málið og svaraði fyrirspurnum.
- 2.2 Skipan samstarfsnefndar Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands skv. 4. gr. samnings, dags. 27. júní 2003.

Lagt er til að í nefndina verði skipaðir: Orri Vésteinsson, lektor við heimspeki-deild, Terry Adrian Gunnell, dósent við félagsvísindadeild og Baldur Símonarson, dósent við raunvísindadeild.

 - Samþykkt einróma.
- 2.3 Ósk stjórnar Háskólabíós um heimild háskólaráðs til þess að Háskólabíó fái að taka skuldbreytingarlán til að greiða niður óhagstæðari skammtímaskuldir og yfirdrátt Háskólabíós hjá Landsbanka Íslands. Lánið verði með 3. veðrétti í fasteigninni Háskólabíó, Hagatorgi 3. Jafnframt er óskað eftir heimild ráðsins til þess að skuldbreyta erlendri skuld Háskólabíós við Landsbankann með því að veita veð á 4. veðrétti í fasteigninni Háskólabíó, Hagatorgi 3.

Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, kom á fundinn og skýrði erindi stjórnar bíósins og forsögu málsins. Málið var rætt og Ingjaldur svaraði fyrirspurnum.

 - Framangreind ósk stjórnar Háskólabíós var samþykkt einróma.
- 2.4 Skipan eins fulltrúa í stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands í stað Áslaugar Björgvinsdóttur lektors, sem lætur af störfum við Háskóla Íslands um næstu áramót. Skipanin öðlist þegar gildi og nái til 30. júní 2004 til samræmis við skipunartíma annarra stjórnarmanna sem skipaðir voru á fundi háskólaráðs 21. júní 2001.
 - Samþykkt einróma að Björg Thorarensen, prófessor í lagadeild komi í stað Áslaugar.
- 2.5 Tillaga lagadeildar, samþykkt á deildarfundi 23. september 2003, um breytingu á ákvæðum 92. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 (sbr. reglur nr. 638/2002), svo og tillaga um viðauka við ákvæði til bráðabirgða. Lagt er til að lágmarkseinkunn í öllum þremur námsgreinum fyrsta misseris verði 6,0 í stað 7,0.
 - Rektor kynnti samþykkt lagadeildar og var hún rædd ítarlega. Samþykkt einróma að vísa samþykkt lagadeildar til kennslumálanefndar og fjármála-nefndar og óska eftir umsögn þeirra.

3. Mál á auglýstri dagskrá

Liður 3.1 á dagskrá verði liður 3.6 og aðrir töluliðir breytast í samræmi við það.

- 3.1. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2004 og staðan í samningum við stjórnvöld.

Ingjaldur Hannibalsson lagði fram greinargerð um frumvarpið. Ingjaldur skýrði greinargerðina ítarlega. Fram kom hjá honum að samkvæmt frumvarpinu eykst

fjárveiting til kennslu, en þó ekki að fullu í samræmi við fjölgun virkra nemenda og að fjárveiting til rannsókna lækkar um u.þ.b. 90 m.kr.

Málið var rétt ítarlega og Ingjaldur svaraði fyrirspurnum. Málið verður á dagskrá næsta fundar.

- 3.2. Skólagjöld. Sjónarmið sem fram komu á 10. háskólafundi 8. september 2003. Rektor kynnti málið og lagði til að því yrði frestað til næsta fundar.
- Samþykkt.
- 3.3. Tillaga að breytingu á 12. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, sbr. fund ráðsins 11. júní 2003 og umræður á 10. háskólafundi 8. september 2003.
- Samþykkt var einróma að fara þess á leit við stjórnvöld að hlutast til um þessa breytingu á lögum um Háskóla Íslands.
- Einnig var samþykkt einróma að fela nefnd Páls Hreinssonar prófessors að undirbúa tillögu að breytingum á reglum Háskólans nr. 458/2000, sem nauðsynlegar eru verði 12. gr. laganna breytt.
- 3.4. Skipan kennslumálanefndar háskólaráðs.
- Málið var rétt og ákveðið að fresta því til næsta fundar.
- 3.5. Einkahlutafélagið „Vísindagarðar Háskóla Íslands”, sbr. fund ráðsins 21. ágúst 2003. Lögð fram drög að samþykktum félagsins.
- Rektor og Ingjaldur gerðu grein fyrir stöðu málsins. Málið var rétt. Frestað.
- 3.6. Framtíð íslenska háskólakerfisins, sbr. síðasta fund.
- Frestað.

4. Önnur mál

- 4.1 Lagt fram bréf frá umboðsmanni Alþingis dags. 26. maí 2003 um gjalddöku fyrir inntökupróf í læknadeild í júní 2003, ásamt drögum að svari háskólaráðs.
- Frestað.
- 4.2 Málefni lyfjasviðs LSH.
Lagt fram bréf frá Magnúsi Péturssyni, forstjóra LSH, um stofnun lyfjasviðs á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og val sviðsstjóra, ásamt breyttri starfslýsingu. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rétt.
- Frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 15.20